

# Stríðið um tað góða grasið

Höfundur texta og mynda: Bárður Oskarsson (Færeyjum)  
Bókadeild Føroya Lærarafelags, 2012  
Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2016

Sögu­práður: Hundarnir og kanínurnar fara að rífast um góða grasið. Kanínurnar vilja hafa grasið út af fyrir sig og hræða hundana í bur­tu. En án hundanna er grasið ekki eins gott á bragðið og áður.

Efnisorð: samvinna, saman, rífrildi, dýr, náttúra

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið bókarká­puna saman. Hvaða dýr haldið þið að þetta séu? Haldið þið að dýrin tvö séu vinir?


Geta kanínur og hundar verið vinir? Farið í hlutverka­leik þar sem sum eru kanínur en önnur hundar. Gefið frá ykkur hljóð eins og kanínur og hundar. Prófið að hlaupa eins og kanínur á blaðsíðu 31 og vera ógnvekjandi eins og hundarnir á blaðsíðu 9.

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarká­puna. Um hvað haldið þið að bókin sé?
2. Geta kanínur og hundar verið vinir?
3. Í bókinni leika kanínurnar á hundana. Haldið þið að kanínurnar séu vitrari en hundarnir?
4. Hafið þið heyrt fleiri sögur um hund og kanínu? Kannski um gæludýrin ykkar?
5. Hvers vegna haldið þið að grasið sé betra ef hundarnir fá að kúka á það?

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Um hvað er bókin?
2. Skoðaðu teikninguna á blaðsíðu 21: Kanínurnar vinna saman að því að búa til nýjar tennur. Hvað finnst ykkur um þá hugmynd? Dettur þér eitthvað annað í hug sem gæti fælt hundana?



ISBN 978-952-7490-63-1

3. Ræðið um myndirnar af dýrunum í bókinni. Hvers vegna er annar hundurinn gulur en hinn fjólublár?

4. Allt í einu er grasið orðið gult, það stingur og er ekki eins gott á bragðið og áður. Hvað kom fyrir?

5. Í lok bókarinnar skipta hundarnir og kanínurnar grasinu á milli sín. Öll hafa þau mismunandi hlutverk og kanínurnar hafa áttað sig á að öll dýrin mega vera á grasinu. Hvernig fannst ykkur endirinn? Getið þið útskýrt hvað það er sem kanínurnar hafa áttað sig á?

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér um í bókina? Hvað fannst þér ekki skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Finndu fimm sagnorð í bókinni sem lýsa hundunum eða kanínunum. Koma einhver orð þér á óvart?
3. Berið saman myndirnar á blaðsíðu 9 og blaðsíðu 29. Ræðið saman um það sem er að gerast á myndunum.
4. Skoðið myndina á blaðsíðu 21. Hvers vegna haldið þið að kanínunum lítist vel á hugmyndina?
5. Sagan fjallar um að það sé pláss fyrir okkur öll. Ræðið vináttu og að deila með öðrum.
6. Skoðið opnuna á blaðsíðu 16 og 17. Skrifðið texta eða teiknið mynd af því sem gerist eftir það.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Træið. Höfundur: Bárður Oskarsson

MÁLAMOLI

## "Samstarf"

sænska	danska	norska	íslenska	færeyska	grænlenka	finnska	norðursamíska
Samarbete			Samstarf			Yhteistyö	
	Samarbejde			Samstarv			Ovttasbargu
		Samarbeid			Suleqatigiinneq		



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)